

Siðanefnd BÍ – Úrskurður í máli nr. 8/2021-2022

Kærandi: Róbert Wessman.
Kærðu: Reynir Traustason, ritstjóri Mannlífs og Trausti Hafsteinsson, fréttastjóri.
Kæruefni: Umfjöllun Mannlífs um kæranda 20. janúar 2022, 18. janúar 2022, 17. janúar 2022, 14. janúar 2022 og 2. desember 2021.

Málsmeðferð.

Málið var kært til Siðanefndar með bréfum lögmanns kæranda, dags. 21. janúar 2022 og 1. febrúar 2022. Leitað var andsvara kærðu, sem bárust með bréfi lögmanns kærðu, dags. 17. febrúar 2022. Kærða, Reyni Traustasyni, var gefinn kostur á að skýra mál sitt á fundi nefndarinnar, í samræmi við 8. gr. vinnureglna. Hann þáði það ekki en ritaði Siðanefnd tölvuskeyti 14. apríl 2022, vegna þeirra atriða sem Siðanefnd óskað nánari skýringa við. Nefndin ræddi málið á fundum sínum 1. febrúar 2022, 15. mars 2022, 12. apríl 2022, 26. apríl 2022, 17. maí 2022 og 31. maí 2022. Úrlausn málsins hefur dregist vegna forfalla nefndarmanna og gagnaöflunar.

Málavextir.

Kærandi lýsir því að kæran lúti að látlausri umfjöllun Mannlífs um hann, sem ekki eigi við rök að styðjast, og að miðillinn hafi undanfarna mánuði staðið fyrir einhverskonar herferð gegn honum. Þá er því lýst að allmargar umfjallanir hafi verið birtar fyrir tilstuðlan fyrrum samstarfsmanns kæranda, Halldórs Kristmannssonar, og því haldið fram að hann hafi beitt sér gegn kæranda, sem og fyrrum vinnuveitanda sínum, eftir að honum hafði verið sagt upp störfum. Fullyrt er að Halldór sé helsti heimildarmaður Mannlífs „... auk þess að vera fjárhagslegur bakhjarl miðilsins...“ og telur kærandi ljóst að hann greiði fyrir umfjöllunina. Kærandi lýsir því að hann hafi leitast við að svara fyrirspurnum miðilsins en vegna þess að umfjöllunin hafi verið viðamikil og efnislega röng hafi það verið annmörkum háð að elta ólar við alla umfjöllunina. Í ljósi þess fer kærandi fram á að Siðanefnd víki frá áskilnaði 1. mgr. 6. gr. siðareglna um leiðréttingarkröfu varðandi hluta umfjöllunarinnar. Kærandi telur að kærðu hafi brotið gegn 5. gr. og 3. gr. siðareglna með óvandaðri og oftsinnis bersýnilega rangri umfjöllun um sig, með fjárhagslegan ávinning að leiðarljósi.

Nánar tilgreinir kærandi eftirtalin atvik:

1. Grein, birt í Mannlífi 20. janúar 2022, undir yfirskriftinni:
Róbert krefst tölvupósta og gagna um hótanir: Beitir lögfræðistofu Harveys Weinstein gegn Mannlífi.
Kærandi finnur að því að í greininni sé því haldið fram að hann hafi ekki bent á eitt einasta atriði í fyrri umfjöllunum Mannlífs, sem sé ósatt eða ekki byggt á opinberum

gögnum, þegar hið rétta sé að kærandi hafi ítrekað bent á rangindi og óskað leiðréttinga. Telur kærandi umfjöllunina ranga og að hún fari í bága við 3. gr. siðareglna.

2. Grein, birt í Mannlífi 18. janúar 2022, undir yfirskriftinni:
Róbert baðst tvisvar afsökunar á morðhótunum.
Kærandi finnur að því að kærðu hafi aðeins gefið honum rúman klukkutími til að svara fyrir alvarlegar ásakanir um hegðun sem honum var borið á brýn að hafa viðhaft á árinu 2018. Í greininni hafi síðan verið snúið út úr kröfu hans um leiðréttingu á væntri umfjöllun um hann og að í greininni hafi ekki verið vitnað til hvaða meintu ásakana kærðu hafi verið að óska eftir viðbrögðum við og hvað þá gegn hverjum þær hafi beinst. Telur kærandi umfjöllunina ranga og að hún fari í bága við 3. gr. siðareglna.
3. Grein, birt í Mannlífi 17. janúar 2022 undir yfirskriftinni:
Róbert vill þagga niður í Andrésí: Páll Winkel sagður horfa á klám með barnaniðingi.
Kærandi finnur að því að tilraun hans til þess að fá fréttina leiðrétta hafi borið takmarkaðan árangur þar sem athugasemdirnar voru birtar en fréttin ekki leiðrétta. Telur kærandi umfjöllunina ranga og að hún fari nánar í við 3. gr. siðareglna.
4. Grein birt í Mannlífi 2. desember 2021 undir yfirskriftinni:
Dögnin um Wessman.
Kærandi finnur að því að tilraunir hans til þess að fá fréttina leiðrétta hafi ekki borið árangur og að ritstjóri hafi sagt þær tilraunir vera hótanir. Telur kærandi umfjöllunina ranga og að hún fari í bága við 3. gr. siðareglna.
5. Grein birt í Mannlífi 2. desember 2021 undir yfirskriftinni:
Griðarlegur halli á rekstri Birtings: Tapið á tímaritunum nam 17 milljónum á mánuði.
Kærandi finnur að því að í greininni sé hann sagður standa á bakvið félagið og stutt við það fjárhagslega en að tilraunir hans til að fá það leiðrétta hafi ekki borið árangur. Telur kærandi umfjöllunina ranga og að hún fari í bága við 3. gr. siðareglna.

Þá ítrekar kærandi þá skoðun sína að Mannlíf hafi undanfarið ár, fyrir tilstuðlan Halldórs Kristmannssonar, staðið fyrir haldlausum áróðri í sinn garð í þeim tilgangi að skaða sig persónulega sem og tengda aðila og félög. Vísar kærandi til þess að hann telji fréttagildi þessara greina vera takmarkað eða ekkert. Þá vísar hann til fjölda annarra greina eða umfjallana í Mannlífi á tímabilinu frá 16. janúar 2021 til 27. nóvember 2021, þó þær séu ekki beinlínis andlag kærunnar en þær sýni að þegar umfjöllun Mannlífs um kærða er skoðuð heildstætt sé engum vafa undirorpið að hún sé öll sett fram í þeim tilgangi að valda kæranda tjóni.

Loks vísar kærandi sérstaklega til þess að hann telji að Halldór Kristmannsson hafi, í gegnum félagið Skrúðás ehf., greitt Mannlífi fyrir herferð gegn sér "... með útgáfu reikninga Mannlífs til félagsins m.a. fyrir textasmíð og aðstoð við textasmíð." Fullyrðir kærandi að fjárhæð greiðslna á síðasta ári hafi numið rúmum 30 millj. króna en Mannlíf hafi gefið út reikninga með reglulegu millibili. Telur kærandi að sú háttsemi gagni í berhögg við 5. gr. siðareglna.

Lögmaður kærðu ritaði andsvör fyrir þeirra hönd og Sólartúns ehf., útgáfufélags Mannlífs, sem mun vera í 100% eigu kærða, Reynis Traustasonar. Kærðu gera aðallega kröfu til að málinu verði vísað frá Siðanefndinni en til vara að kröfum kæranda verði hafnað.

Kröfu um frávísun málsins styðja kærendur við að ágreininglaust sé að stór hluti þeirrar umfjöllunar sem kvartað sé vegna hafi verið birt meira en tveimur mánuðum áður en kærán var borin fram og beri því að vísa þeim umkvörtunum frá Siðanefnd. Þá telja kærðu að verulegur hluti þess sem kvartað er yfir sé svonefnt ritstjórnarefni, sem ekki heyri undir Siðanefnd að fjalla um.

Efnislega hafna kærðu því alfarið að þeir standi í herferð gegn kæranda og hafna því alfarið að umfjallanir um kæranda hafi verið fyrir tilstuðlan Halldórs Kristmannssonar. Þá hafna kærðu því að Halldór sé fjárhagslegur bakhjarl Mannlífs. Hins vegar kemur fram í andsvörunum að kærði, Reynir Traustason, hafi unnið að bók í samstarfi við Halldór Kristmannsson, sem kostað hafi „...útgáfu hennar...“ að einhverjum hluta en að sú fjárhæð sé langt frá því sem kærandi fullyrðir. Þá vísa kærðu til þess að kærandi sé án nokkurs vafa opinber persóna og rekja síðan í ítarlegu máli að öll hin kærða umfjöllun hafi verið sannleikanum samkvæm.

Umfjöllun.

Kærandi ber að kærðu hafi þegið fé frá Halldóri Kristmannssyni fyrir hina kærðu umfjöllun og vísar jafnframt til þess að Halldór hafi beitt sér með ýmsum hætti gegn kæranda og fyrrverandi vinnuveitanda, í eigu kæranda, eftir að honum hafi verið sagt upp störfum. Í andsvörum kærðu var þessum staðhæfingum kæranda hafnað en þó upplýst að kærði, Reynir Traustason, hafi þegið greiðslur frá Halldóri Kristmannssyni vegna bókarskrifa. Þá var því ekki neitað að fáleikar nokkrir séu með þeim Halldóri Kristmannssyni og kæranda. Siðanefnd taldi andsvör þessi að nokkru óljós og gaf kærða, Reyni Traustasyni, kost á að koma fyrir nefndina til þess að skýra þennan þátt málsins nánar. Kærði hafnaði því en reit Siðanefnd þess í stað tölvuskeyti þar sem fram kemur að hann vinni persónulega að heimildarbók um kæranda og að Halldór Kristmannsson fjármagni það verk að hluta.

Siðanefnd telur að með móttöku fjármuna frá Halldóri Kristmannssyni, vegna bókarskrifa um kæranda, hafi kærði, Reynir Traustason, orðið vanhæfur til að fjalla um málefni kæranda í fréttamiðli með þeim hætti sem hin kærða umfjöllun er fram sett enda bar honum skv. 5. gr. siðareglna að varast slíka hagsmunaárekstra. Með hinum kærðu skrifum sínum hefur kærði, Reynir Traustason, því ekki farið að þeirri grundvallarreglu að blaðamanni beri fyrst og síðast að gæta að hagsmunum lesenda. Siðanefnd telur að hann hafi fært hagsmuni Halldórs Kristmannssonar fram og hafi því brotið gegn 5. gr. siðareglna. Að fenginni þessari niðurstöðu telur Siðanefnd ekki vera efni til að taka afstöðu til einstakra kæratriða.

Af gögnum málsins verður ekki séð að kærði, Trausti Hafsteinsson, hafi þegið greiðslur frá Halldóri Kristmannssyni, fyrir umfjöllun um kæranda. Telst hann því ekki hafa brotið siðareglur.


Siðanefnd telur brot kærða, Reynis Traustasonar, hafa verið samfellt í þann tíma er hann hefur þegið greiðslur frá Halldóri Kristmannssyni fyrir umfjöllun um kæranda og því séu ekki efni til að telja að kæra vegna tiltekinna atriða hafi borist Siðanefnd of seint þannig að vísa eigi kæratriðum að hluta frá nefndinni. Öðrum frávísunarástæðum er jafnframt hafnað.

Úrskurður.

Kærði, Reynir Traustason teljast hafa brotið siðareglur BÍ. Brotið er alvarlegt.

Kærði Trausti Hafsteinsson telst ekki hafa brotið siðareglur.


Reykjavík, 31. maí 2022.


Hjörtur Gíslason


Fanney Birna Jónsdóttir


Emma Björg Eyjólfsson


Asgeir Þór Arnason


Friðrik Þór Guðmundsson